

Fundur í Samráðsnefnd Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar mánudaginn 29. janúar 2007 á skrifstofu Tálknafjarðarhrepps kl. 17.00

Mættir: *Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir formaður, Bragi Geir Gunnarsson, Úlfar Thoroddsen, Arnheiður Jónsdóttir, Jón B.G. Jónsson og Ragnar Jörundsson bæjarstjóri Vesturbyggðar sem jafnframt ritaði fundargerð.*

Málefni sem tekin voru fyrir:

1. Minjasafnið að Hnjóti.

Formaður lagði fram fundargerðir stjórnar safnsins. Nokkrar umræður urðu um væntanlegan safnsstjóra sem leitað hefur verið til. Fyrirspurn kom fram um hvort ekki væri rétt að auglýsa starfið til umsóknar. Kom fram að stjórn safnsins taki ákvörðun um auglýsingu um stöðu safnvarðar. Einnig var rætt um framkvæmdir og rekstur auk ársreikning 2006 sem barst fyrir nokkrum dögum.

Úlfar gerði grein fyrir stöðu Norceverkefnisins þar sem unnið að endurbyggingu á “breiðfirskum bát” og öðrum verkefnum. Formanni falið að boða fund samráðsnefndar og stjórnar safnsins.

2. Fjórðungssamband Vestfirðinga.

Óskað hefur verið eftir hugmyndum sveitarfélagana um skipan nefndar um svæðaskipulag og framtíðarsýn fyrir Vestfirði. Formaður las upp svar Tálknafjarðarhrepps og mæltist til að sveitarfélögin yrðu samstiga í tillögum sínum.

3. Fjarskiptamál.

- Lagt fram bréf til Póst- og fjarskiptastofnunar. Í bréfinu er kallað eftir svörum um hverjar séu skyldur Símans hf. varðandi grunnnetið (alþjónustukvöð)
- Lagt fram bréf til Samgönguráðuneytis b.t. Jóns Eðvalds Malmquist um áherslu á hröðun GSM símvæðingu og gerð krafa um að vegurinn um Mikladal verði skilsgreindur stofnvegur sem ekki er í dag.
- Samþykkt að senda bæði bréfin.

4. Samgöngumál.

-. Eyrún sagði að mikilvægum áfanga væri náð með úrskurði umhverfisráðherra um Vestfjarðaveg nr. 60 sem nefndarmenn tóku undir. Hún lagði til að fulltrúar sveitarfélaganna auk fulltrúa Reykhólahrepps færu á fund með vegamálastjóra, svæðisstjóra vegagerðarinnar á Vestfjörðum, sérfræðingum og samgönguráðherra.. Samþykkt að leita eftir slíkum fundi. Þrýsta þarf frekra á um mokstur á Dynjandisheiði og Hrafnsýrarheiði.

5. Framhaldsskóladeild.

Rætt um staðsetningu deildarinnar innan skólans. Kom fram að sveitarfélögin þurfa að halda vöku sinni og sækja fast eftir að uppbyggingin verði sem best.

6. Önnur mál.

- a) Eyrún kynnti fyrirhugaðan fund framkvæmdastjóra og oddvita/forseta sveitarstjórna á Vestfjörðum með fulltrúum ríkisstjórnar Íslands þann 2. febr. nk.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 18:30

Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir

Bragi Geir Gunnarsson

Úlfar Thoroddsen

Jón B.G. Jónsson

Arnheiður Jónsdóttir

Ragnar Jörundsson